

Reykjavíkurborg
Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Velferðarráðs

20.4.2020

Efni: Beiðni um stuðning við innanlandsstarf Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk sem býr við fátækt og félagslega einangrun. Starfið felst í að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Það felst einnig í valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verið til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra. Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og er því sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Sú efnislega aðstoð sem Hjálparstarfið veitir felst fyrst og fremst í inneignarkortum í matvöruverslunum þannig að fólk getur sjálft valið það sem það hefur þörf fyrir. Einnig getur Hjálparstarfið aðstoðað fólk með lífsnauðsynleg lyf, greitt fyrir tómstundir barna og aðstoðað með skólagjöld ungmenna í framhaldsskólam.

Á undanförnum mánuðum hefur orðið aukning á beiðnum um aðstoð við matarinnkaup og á síðustu vikum hefur enn fremur borið á aukningu vegna Covid-19. Skjólstæðingahópur Hjálparstarfsins er einn sá viðkvæmasti í íslensku samfélagi og finnum við fyrir kvíða þeirra og áhyggjum yfir áhrifum faraldursins. Þar að auki hefur orðið skerðing á opnunartínum og þjónustu ýmissa stofnanna og annarra hjálparsamtaka sem hefur bein áhrif á líf einstaklinganna. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins fá daglega símtöl frá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar þar sem þeir óska eftir aðstoð fyrir skjólstæðinga sína, ýmist í formi inneignarkorta, fatnaðar, húsbúnaðar eða lyfjakaupa. Þar að auki vísa þjónustumiðstöðvarnar fólk mikið til okkar þegar bjargir félagsþjónustunnar duga ekki til. Þessi símtöl og þessar tilvísanir hafa aukast á undanförnum mánuði. Þá leita starfsmenn VOR teymisins mikið til félagsráðgjafa okkar vegna skjólstæðinga sinna og er það einna helst vegna lyfjaðstoðar.

Skrifstofa Hjálparstarfsins hefur verið opin í gegnum faraldurinn og hefur ekki orðið skerðing á þjónustu fyrir utan stöðvun á fataúthlutun. Bregðumst við þó við fatabeiðnum þegar þær koma frá félagsráðgjöfum sveitarfélaga. Ljóst er að útgjöld okkar muni aukast á komandi mánuðum og leitum við því til Reykjavíkurborgar um fjárstuðning.

Bankaupplýsingar:
Kennitala: 450670-0499
Reikningsnúmer: 0334-26-27

Með fyrirfram þökk
Vilborg Oddsdóttir, vilborg@help.is
Félagsráðgjafi

 